

Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Rebekka Rut Ingvarsdóttir
Árnes
801 Selfoss

Garðabær, 17. desember 2024
Málsnúmer: 202411-0055
IAS

Efni: Umsögn um aðalskipulagsbreytingu vegna vikurnáms í Búrfellshólmum

Við er í tölvubréf frá Skeiða- og Gnúpverjahreppi þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um breytingu á aðalskipulagi Skeiða- og Gnúpverjahrepps vegna nýs efnistökusvæðis á Búrfellshólmum.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagsbreytinguna og telur að í henni komi fram það sem nauðsynlegt er. Um verulega stækkun á efnistökusvæði er að ræða og ljóst að umhverfisáhrif af stækkuninni verða mikil. Mjög víðáttumikið svæði verður fyrir beinu og óafturkræfu raski. Ásýndaráhrif framkvæmdarinnar verða umtalsverð og er líklegt að landslag svæðisins muni verða fyrir töluverðum neikvæðum áhrifum. Huga þarf vandlega að því að meta umfang og eðli landslagsbreytinga og samfélagsleg áhrif þeirra.

Vikurnám í Búrfellshólmum er í umhverfismatsferli og mun Náttúrufræðistofnun veita umsögn um málið á næsta ári.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir á þessu stigi.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur